



MANNVIRKJAMEI STARINN EHF

Kópavogi 02.11.2023

Verkefnastjóri skipulagsmála Mosfellsbæjar

Lára Gunnarsdóttir


Varðandi : Grenibygð 2, viðbygging/stækkun.

Með vísan í svar við fyrirspurn frá 11.10.2023 um viðbyggingu við Grenibygð 2 ,vill undirritaður fara yfir nokkur atriði varðandi þetta mál.

1. Haft verður samráð við Mosfellsveitur varðandi lögn/lagnir sem kvöð er á að liggi í gegnum lóðina. Best hefði verið að grafa lítinn könnunarskurð við syðra úthorn fyrirhugaðar viðbyggingar til að fá staðfesta staðsetningu lagnar. Skv afstöðumynd er kvöðin 3m frá gaflvegg og er 3m breið. Viðbyggingin nær um 3 m frá húsvegg og nær því að kvöðinni. Talað er um að lögn sé um 2 m frá húsvegg, en óljóst hvort það er frá gaflveggnum eða útskoti úr stofunni. Gott væri að fá staðsetningu lagnarinnar staðfesta. Að auki er drenlögn við gaflvegginn sem auðvelt verður að færa.
2. Varðandi efnisnotkun og efnisval, þá stendur til að kanna fýsileika þess að gera þessa viðbyggingu úr forsteyptum steypueiningum. Veggirnir eru þá með einangrun og fullfrágengnu yfirborði beggja vegna. Byggingarlýsing verður gerð þegar ljóst er orðið hvað verður.
3. Gluggum hefur verið breytt til samræmis við aðra glugga í húsinu.
4. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á uppdrætti með hliðsjón af athugasemdum, þak hefur verið hækkað upp í 2,7 m þakkantur mjókkaður, lengd viðbyggingar stytta um 25 cm, sem gerir minna herbergið örlítið minna, útihurð færð og opnanlegur gluggi gerður ofan við hurð. Þakkantur á Norð-Austur horni viðbyggingar fer lítilháttar niður fyrir þakkant hússins (sennilega um 6 cm) , óskað er eftir að litið verði framjá svo veigalittlu fráviki.

Virðingarfyllst ,

Stefán Ingólfsson arkitekt kt 010251-4359

  
\_\_\_\_\_